



Alþingi
Erindi nr. Þ 133/785
komudagur 5.2.2007

Reykjavík 2. febrúar 2007

Samgöngunefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

**Varðar: Frumvarp til laga um breytingar á hafnalögum 366. mál 133.
löggjafarþings**

Í bréfi dagsettu 17. janúar er óskað umsagnar Óliudreifingar ehf. á frumvarpi til laga um breytingu á hafnalögum nr 61/2003.

Um er að ræða breytingar varðandi neyðarhafnir og gjaldtöku. Gerir félagið engar athugasemdir við þau ákvæði er varða neyðarhafnir en félagið gerir athugasemdir við þær breytingar sem varða gjaldtöku og mótmælir þeim harðlega, enda geta þær vart staðist ákvæði 40 gr Stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands.

Markmið breytinga á 17. og 20. gr. virðist vera að rýmka gjaldheimildir hafna á kostnað notenda og þá sérstaklega þeirra hafna sem formlega eru ekki lengur í opinberum rekstri í skilningi laganna, þrátt fyrir að þær séu í eigu opinberra aðila og því í raun í opinberum rekstri. Erfitt er að sjá annað en að verið sé að leggja til að stjórnir hafna í opinberri eigu sem valið hafa sér rekstrarform skv 3ja tölulið 8. gr laganna sé gefin nánast ótakmörkuð heimild til gjaldtöku, óháð þeim kostnaði sem þeim gjöldunum er ætlað að standa straum af og því gefin heimild til skattheimtu án sérstakrar lagaheimildar, ef gjöldin eru hærri en kostnaður hafnarinnar við að veita viðkomandi þjónustu. Er það andstætt 40. gr stjórnarskrárinnar.

Reynsla Óliudreifingar sem þjónustukaupa hafna um allt land af nýfengnu sjálfstæði hafna landsins til gjaldtöku með nýjum hafnalögum er afar misjöfn. Svo virðist sem þær hafnir, sem virðast telja sig vera í aðstöðu til slíks, hækki gjaldskrár verulega á þá sem hafa komið sér upp fastri aðstöðu við hafnirnar og ekki geta leitað annað með þjónustukaup en lækki gjaldskrár til þeirra sem ekki eru bundnir viðkomandi höfnum vistarböndum. Óliudreifing mótmælir því að gerðar verði breytingar í átt til rýmkunar á heimildum hafnanna til slíkrar gjaldtöku.

Atriði er varða 3 gr, breytingar á 17. gr.


Óliudreifing gerir athugasemd við að leigugjald fyrir svæði til lestunar og losunar vöru skuli vera fellt undir hafnargjöld þar sem þarfir notenda hafnanna til slíkrar þjónustu eru afar mismunandi eftir því hvaða farm um ræðir. Eðlilegra væri að fella þessa starfsemi undir lið 4, þ.e. leigugjald fyrir afnot af mannvirkjum og tækjum hafnarinnar, enda um að ræða aðstöðu sem hafnirnar koma sér upp til að leigja þeim sem á henni þurfa að halda.

Atriði er varða 4. gr, breytingar á 20. gr.

Breytingin lýtur að reglum um gjaldtöku sem hafnir sem ekki eru í opinberum rekstri lúta. Í stað þess að gjaldtakan sé takmörkuð við að standa undir þeirri þjónustu sem veitt er, ásamt hlutdeild í sameiginlegum kostnaði er bætt við að stofnkostnaði og kostnaði við viðhald hafnarinnar og má skilja á greininni að hér sé átt við allan viðhalds og

Óliudreifing ehf

Pósthólf 4230 · 128 Reykjavík · Sími 550 9900 · Fax 550 9999



stofnkostnað sem skilgreindur er undir viðkomandi hafnarfyrirtæki en ekki eingöngu þann stofn- og viðhaldskostnað sem tengist viðkomandi þjónustu. Olíudreifing gerir athugasemd við þetta orðalag og leggur til að því verði breytt þannig að hún orðist svo:

“Gjaldtaka hafnar samkvæmt þessum kafla skal miðuð við að hún standi undir kostnaði við þá þjónustu, þ.m.t. stofnkostnaði og viðhaldskostnaði, sem veitt er ásamt hlutdeild í sameiginlegum rekstri hafnarinnar. “

Olíudreifing mótmælir því að réttur notenda til upplýsinga um kostnað við þjónustu og eðlilegra sundurliðun gjalda sé felldur niður.

Það er mat Olíudreifingar að þessi grein opni að óbreyttu gjaldtökuheimildir hafna sem ekki teljast í opinberum rekstri upp á gátt, sem leiðir til þess að eigendur þeirra sem þó flestir eru opinberir aðilar taki til sín skatt af þeim vörum sem um þær fara í krafti einokunarstöðu til uppbyggingar annarra ótengdra mannvirkja á þeim landsvæðum sveitarfélaganna sem skilgreindar eru sem hafnarsvæði og eiga að greiðast úr öðrum sjóðum.

Virðingarfyllt,
f.h. Olíudreifingar ehf.

Hörður Gunnarsson, framkvæmdastjóri